

**BORGARRÁÐ 25. nóvember 2021: Tillaga Flokks fólksins um útboð á úrgangsbjónustu Reykjavíkur - R21110272****Tillaga**

Málsnúmer: USK2021120001  
Bréfalyklar: 6.5.0 Úrgangsmál - almennt  
Eigandi skjals: Hera Elfarsdóttir  
Staða: Í vinnslu  
Dagsetningar:  
Búið til: 01.12.2021  
Dagsetning skjals: 30.11.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: Ivar.Vincent.Smarason@reykjavik.is

Skjalalykill	6.5.0 Úrgangsmál - almennt	Málsnúmer	USK2021120001
Móttökudags.	30.11.2021	Skráð í GoPro	01.12.2021

Viðtakandi	Sendandi
Deild (Ráðhúss)	Fyrirtæki/stofnun
Starfsmaður	Nafn
	Kennitala:

Tegund skjals	Tillaga	Fyrir Borgarráð
---------------	---------	-----------------

**Sent:** [Sent til:](#)

Notandi: Ivar.Vincent.Smarason@reykjavik.is  
Dagsetning: 30.11.2021 15:47:54  
Til: "USK Þjónustu netfang" <usk@reykjavik.is>  
Efni: Fw: BORGARRÁÐ 25. nóvember 2021: Tillaga Flokks fólksins um útboð á úrgangsbjónustu Reykjavíkur - R21110272

Tilvísun í mál: R21110272

Sæl

Meðfylgjandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, dags. 25. nóvember 2021, um útboð á úrgangsbjónustu Reykjavíkur er send umhverfis- og heilbrigðisráði til meðferðar.

Kveðja,

Ívar Vincent Smárason  
Skrifstofa borgarstjórnar  
Ráðhús Reykjavíkur  
s. 411 4703  
[Ivar.Vincent.Smarason@reykjavik.is](mailto:Ivar.Vincent.Smarason@reykjavik.is)

R21110272

**BORGARRÁÐ 25. nóvember 2021: Tillaga Flokks fólksins um útboð á úrgangsbjónustu Reykjavíkur - R21110272**

**BORGARRÁÐ 25. nóvember 2021: Tillaga Flokks fólksins um útboð á úrgangsbjónustu Reykjavíkur - R21110272**

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að bjóða skuli út úrgangsbjónustu Reykjavíkurborgar. Flokkur fólksins vekur athygli á því að Samkeppnisstofnun gaf út skýrslu þar sem bent er á að með vel skilgreindum útboðum á úrgangsbjónustu hafi sveitarfélög sparað 10 - 47% í kostnaði. Það ætti að vera hlutverk borgarfulltrúa að sjá til þess að úrgangsbjónusta sé sem hagkvæmust fyrir íbúa og fyrirtæki. Varla er rekstur SORPU undantekning frá þeirri reglu að sparnaður náist – eða hvað? Fulltrúi Flokks fólksins vill nefna dæmi um árangur í útboði frá Oslo enda skipulagsyfirköld hrifin af mörgu því sem þar á sér stað: Eftir umfangsmikla undirbúningsvinnu, m.a. fundir með hagsmunaaðilum var ákveðið að skipta útboðinu upp í nokkra þætti. Tilboðin sem bárust voru um 30-40% lægri en kostnaður í eldra kerfi. (<http://www.kretslopet.no/nyheter/497-kraftig-prisreduksjon-pa-innsamling-i-oslo>) Fulltrúi Flokks fólksins vill að úrgangsbjónusta verði eins hagkvæm fyrir íbúa og fyrirtæki og kostur er. Í sveitarfélögum þar sem horft til árangurs í útgangsmálum eru oft nefnd Akureyri og Stykkishólmur en þar er úrgangsbjónusta boðin út.

**Greinargerð:**

Samkeppniseftirlitið gaf út í febrúar 2016 skýrsluna „Competition in Waste Management Sector, preparing for a Circular Economy“ Tildróg skýrslunar voru aukin áhugi á samkeppni við meðhöndlun úrgangs og að úrgangur er ekki lengur aðeins vandamál heldur verðmætt hráefni. Niðurstaða skýrslunnar var að talsvert svigrúm væri til að auka samkeppni við meðhöndlun úrgangs á Norðurlöndunum. Mikilvægi virkar samkeppni væru nýjar og skapandi lausnir, hagræðing, aukin verðmætasköpun og aukin skilvirkni. Tilmæli skýrsluhöfunda var að hvatt var til þess að fara í aukin útboð en að til þeirra yrði að vanda.

Ljóst má vera að kröfur til útgangsmála munu aukast næstu árin og flækjustig þar með. Við slíkar aðstæður er mikilvægt að fá fram sem flest sjónarmið og úrlausnir með útboðum. Hvernig væri moltugerð á höfuðborgarsvæðinu í dag ef að verkefnið hefði verið boðið út í stað þess að sveitarfélögin fóru sjálf í þetta?

Reynsla sýnir að sparnaður nemí frá 10 – 47% frá kostnaði við eldri kerfi. Margt er hægt að skoða hjá Reykjavíkurborg. Má þar nefna að Reykjavíkurborg er eitt fárra sveitarfélaga á landinu sem er með eigin sorphirðu frá heimilum. Hefur sorphirðu verið ábótavant þar sem að hún er á höndum einkaaðila? Hér ætti að vera einfalt að skipta henni upp og bjóða út t.d. sorphirðu í ákveðnum póstnúmerum. Skoða mætti hversu vel slíkt gefst og hvort að slíkt leiði til ódýrari eða betri þjónustu við íbúa. Sama gæti átt við fleiri þjónustur.

Í ljósi sögunnar er ekki að sjá að Reykjavíkurborg sé undanskilin því að geta náð fram sparnaði. Þau sveitarfélög sem eru nefnd sem fyrirmund í úrgangsbjónustu eru mörg þjónustuð af einkaaðilum. Íbúar þar hafa ekki kvartað undan þeirri þjónustu og margir hverjur verið afar stoltir af því hve vel gengur.